



Reglur foreldrafélags

Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ

1. Grein

Félagið heitir Foreldrafélag Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ

2. Grein

Félagar eru foreldrar eða forráðamenn barna í skólanum

3. Grein

Hlutverk foreldrafélagsins er að

- Styðja við skólastarfið ásamt því að efla samstarf milli heimilis og skóla
- Hafa samstarf við starfsfólk skólans
- Sjá fyrir fulltrúa í skólaráði ásamt tveimur fulltrúum í Grunnstoð Garðabæjar

4. Grein

Félagsgjöld eru tvíþætt - annars vegar gjöld í foreldrafélagið og hins vegar gjöld í velferðarsjóð. Gjöldin eru samþykkt á aðalfundi ár hvert og innheimt með skólagjöldum.

5. Grein

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi ár hvert. Í stjórn skal starfa formaður, gjaldkeri og meðstjórnendur. Í stjórn skal leitast eftir fulltrúa frá hverjum kjarna fyrir sig, ákjósanlegt sé að það séu tveir fulltrúar frá hverjum kjarna. Einnig séu kosnir fulltrúar í Skólaráð ásamt tveimur fulltrúum í Grunnstoð Garðabæjar.

6. Grein

Aðalfund félagsins skal halda árlega, sem fyrst eftir að skólaár hefst. Til hans skal boðað með að minnsta kosti viku fyrirvara. Á aðalfundi skal

- Kjósa í stjórn félagsins og hlutverk innan þess
- Fara yfir fjárhag félagsins
- Samþykkja gjöld félagsins
- Kjósa fulltrúa í skólaráð og Grunnstoð
- Fara yfir og samþykkja hvað félagið hyggst styrkja skólann um á starfsárinu
- Fara yfir reglur félagsins og samþykkja eða hafna þær breytingar sem lagðar eru fyrir á fundinum

7. Grein

Öll störf félagsins skulu unnin í samstarfi við skólastjórnendur Barnaskólans.
Þessi lög eru samþykkt 22. September 2021